



20. AÐALFUNDUR SORPURÐUNAR VESTURLANDS HF. haldinn í Borgarnesi, 29. mars 2017 kl. 13:00

Kristinn Jónasson, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um Svein Pálsson sveitarstjóra Dalabyggðar sem fundarstjóra, og Hrefnu B. Jónsdóttir fundarritara.

Dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Fundarstjóri bar upp tillögu frá stjórn um uppstillingarnefnd. Tilnefndir voru: Ingibjörg Valdimarsdóttir og Kristjana Hermannsdóttir. Nefndin hóf störf.

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður flutti skýrslu stjórnar. Hann hóf mál sitt með því að fara yfir sorpmagn sem borist hefur urðunarstaðnum og þróun þess síðustu ár. Alls voru 12.586 tonn af úrgangi urðuð í Fíflholtum árið 2016. Af því magni bárust 2.756 tonn frá Vestfjörðum og rest, eða 9.830 tonn frá Vesturlandi. Undanfarin ár hefur magn úrgangs verið nokkuð svipað en nú er aukning á milli ára um 12% sem er talsvert.

Kristinn fór í skýrslu stjórnar yfir helstu málefni í rekstri urðunarstaðarins. Nügildandi starfsleyfi gildir til ársins 2028. Samkvæmt því tóku gildi talsvert viðamikil skilyrði um mælingar sem eiga sér stoð í reglugerðum. Í skýrslu stjórnar fór Kristinn yfir helstu verkefni í rekstri urðunarstaðarins og þau frávik sem upp komu á árinu sbr. bruna sem upp kom þann 9. ágúst sl. og hvernig brugðist var við honum með fréttatilkynningum, tilkynningum til Umhverfisstofnunar um brunann en ráðgjafafyrirtækið UMÍS kom inn í þessa vinnu með framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri fór yfir gasmælingar sem EFLA hefur séð um fyrir Sorpurðun Vesturlands hf. Annars vegar samkvæmt starfsleyfi og hins vegar verkefni sem lítur að mælingum oxunar í yfirborðslagi urðunarstaða. Hann sagði einnig frá styrk sem Efla, verkfræðistofa, Samband íslenskra sveitarfélaga og Sorpurðun Vesturlands hf. hafa fengið frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og gengur út á að fá til landsins mælibúnað frá DTU í Danmörku sem greinir metan með fjarmælingum.

Formaður fór yfir framkvæmdir við síubeð við urðunarsvæðin í Fíflholtum en verkfræðistofan Verkís vann útboðsgögn vegna framkvæmdanna. Það var Jónas Guðmundsson ehf. sem átti lægsta tilboð í verkið upp á kr. 10.999.500 m/vsk.

Framkvæmdum við síubeðin lauk í nóvember og voru þau tengd við sigvatn frá reinunum í október. Fljótlega fór að bera á vandamálum við rein nr. 4. Vatn tók að safnast upp í reininni sjálfri þar sem gegnum-streymi var ekki í



Sorpurðun Vesturlands Fundargerð 20. aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf. 29. mars 2017. lagi. Endaði þetta mál með því að tengja varð affall reinarinnar í gegnum eldra kerfi.

Umhverfisstofnun óskaði eftir því að breyting yrði gerð á starfsleyfi en kveðið hafði verið á um að vatni skuli veitt í Norðlæk. Í erindi til Umhverfisstofnunar, dags. 5. júlí 2016, var umræddri athugasemd ekki mótmælt og lagði Sorpurðun Vesturlands hf. til að þegar fyrirhugaðri endurnýjun hreinsivirkja yrði lokið yrði sá skurður sem tekur við affalli frá síubeði skilgreindur viðtaki. Eftir þessa útkomu með hreinsivirkið var óskað eftir því að erindið um breytingu á viðtaka yrði tekið til baka uns sýnt yrði hvernig unnið verður úr þessum vandamálum.

Kristinn þakkaði stjórn gott samstarf fyrir starfsárið 2016 og starfsmönnum Sorpurðunar Vesturlands fyrir þeirra störf í þágu fyrirtækisins. Auði H Ingólfssdóttur þakkaði hann sérstaklega fyrir hennar störf en hún mun nú hætta í stjórn fyrirtækisins vegna búferlaflutninga.

2. Ársreikningar félagsins og grænt bókhald.

Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning félagsins fyrir liðið starfsár, 2016. Tekjur ársins kr. 95.885.378 kr. Rekstrargjöld 66.781.823 kr. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði 29.103.555 kr. Fjármunatekjur 4.626.361 kr. Hagnaður ársins eftir tekjuskatt kr. 26.980.653. Eigið fé og skuldir samtals kr. 174.005.779. Handbært fé í árslok 77,5 millj. þ.a. 22,4 m.kr. vegna ábyrgðar sem á að standa undir rekstri urðunarstaðarins eftir lokun. Stjórn leggur til við aðalfund að greiddur verði út 20% arður. Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir skýrslu um grænt bókhald fyrirtækisins vegna ársins 2015 sem er aðgengileg á heimasíðu SSV/Sorpurðunar og Umhverfisstofnunar. Grænt bókhald á heimasíðu SSV má finna á slóðinni: http://ssv.is/wp-content/uploads/2017/03/Gr%C3%A6nt-b%C3%B3khald.2016_undirrita%C3%B0.docx.pdf

Fundarstjóri kynnti niðurstöðu umboða frá sveitarfélögum.

Lögmæti fundarins.

Fulltrúar fyrir 99,1% sveitarfélaga mættir og fundurinn því lögmætur.

3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.

Gerð er tillaga um að laun stjórnarmanna í Sorpurðun Vesturlands hf. taki mið af launum stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Greiðslur fyrir að sitja fundi miðast við þingfararkaup. Formaður 4,8% kr. 52.860, aðrir stjórnarmenn 2,4% kr. 26.430. Auk þess fá fundarmenn akstur og ferðakostnað greiddan samkvæmt taxta RSK. Greiddur er ½ dagpeningur pr. stjórnarfund til allra stjórnarmanna. Samþykkt.



4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.

Fundarstjóri bar upp tillögu þess efnis að hagnaður ársins 2016 verði færður til hækkunar eigin fjár. Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Kosning stjórnar

Fundarstjóri flutti tillögu uppstillingarnefndar:

Arnheiður Hjörleifsdóttir	Ásta Kristín Guðmundsdóttir
Finnbogi Leifsson	Kristinn Jónasson
Karitas Jónsdóttir	Sævar Jónsson
Sturla Böðvarsson	

Tillaga uppstillingarnefndar samþykkt samhljóða.

6. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.

Lögð var fram tillaga um að KPMG endurskoðun sjái áfram um endurskoðun félagsins. Skoðunarmaður félagsins Eggert Kjartansson og Ingveldur Guðmundsdóttir til vara. Samþykkt samhljóða.

7. Lagabreytingar.

Engar.

8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Engin.

Kristinn þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu og sagði fundi slitið.

Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir